

Umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 8. desember 2022 um tillögu að starfsleyfi fyrir skotvöll Skotfélags Reykjavíkur í Álfsnesi

Íbúaráðið vill koma því á framfæri til HER að núverandi staðsetning sé alls ekki heppileg fyrir skotsvæði á Kjalarnesi og óskum þess að fundið sé annað heppilegra svæði fyrir starfseminna.

Sé þess alls ekki kostur vill íbúaráð koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum á tillögu að starfsleyfisskilyrði:

Í tillögunni stendur “Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða.” Það er ekki nægilega skýrt um hvers kyns aðgerðir stefnt sé að í þessu samhengi og óskar íbúaráðið eftir frekari upplýsingum um þær.

Skotsvæðinu er gert að skila inn hugmyndum að úrbótum fyrir nóvember 2023. Íbúaráðið óskar eftir upplýsingum um hvers vegna svo langur tímafrestur sé gefin til þess að skila inn hugmyndum að úrbótum. Íbúaráðið telur rýmri opnunartíma til þess að skotið sé úr rifflum án hljóðdeyfa algjörlega fráleita. Sérstaklega í ljósi þess að kærur liggja á borði úrskurðarnefndar varðandi lög um mælingar á hávaða og mengun, ekki liggur fyrir niðurstaða í þeim málum.

Hljóðmælingar sem hafa verið framkvæmdar hingað til af HER hafa ekki endurspeglað upplifanir íbúa á svæðinu og því getum við ekki sætt okkur við rýmri opnunartíma með þessum skilyrðum, íbúaráðið telur jafnframt að ekki ætti að leyfa skot úr rifflum án hljóðdeyfa.

Fyrir hönd íbúaráðs Kjalarness,

Kristjana Þórarinsdóttir, formaður íbúaráðs Kjalarness.